

✉ Sorpgjöld_ 120_2025

Móttekið	29.7.2025 15:45:27
Búið til dags.	28.8.2025 11:19:39
Tilheyir	📁 USK25070368 - Stjórnsýslukæra 120/2025 vegna álagningar sorphirðugjalda
Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (uua@uua.is)
Til	upplysingar@reykjavik.is [REDACTED] [REDACTED] [REDACTED]

Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru móttækin 28. júlí 2025 ásamt fylgiskjöllum, sem fengið hefur málsnúmerið 120/2025, þar sem kærð er ákvörðun um sorphirðugjald.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,
Ingunn Einarsdóttir, lögfræðingur
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Íceland
Sími / Tel: (+354) 575 8710
[www.uua.is \(https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?)

[REDACTED]
[REDACTED]
[REDACTED]

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

28.7.2025 18:06

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kæran er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

Fullt nafn	Inga Sigprúður Ketilsdóttir
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Staður	
Sími	
Netfang	

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kæranda ef við á

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Efni kærunnar	Sorphirða, sorptunnur og fasteignagjöld. Það eru engin fylgiskjöl nema póstar sem ég get framsent sé þess þörf.
Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	Reykjavíkurborg og sorphirðan
Dagsetning ákvörðunar	14.07.2025
Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)	

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Ég fer fram á að fasteignagjöldin hjá mér verði lækkuð og samsvari því að hafa spartunnu og enga bláa tunnu fyrir plast, því ég mótmæli því algjörlega að greiða tvöfalt og tvisvar fyrir það litla sorp sem ég hendi.

5. Hagsmunir kæranda/kæranda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kæranda?

Ég borga helmingi hærra sorphirðugjald en ég gerði fyrir maí 2023 þegar nýja sorphirðukerfið var tekið upp.

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Ég fékk skjal um hækkun fasteignagjalda inn á Island.is fyrir um viku.

7. Rökstuðningur fyrir kæru

Ég hef marg kvartað til sorphirðunnar og Reykjavíkurborgar varðandi sorptunnur eftir að nýju flokkunartunnurnar voru teknar í gagnið fyrir tveimur árum síðan. Ég var fyrir þann tíma með 120L spartunnu sem ég hef ekki getað fengið í sama formi og þessa 240L tunnu og er þar með að borga helmingi hærra sorphirðugjald en áður. Ég bý ein og 240L tunna er augljóslega of stór fyrir mig þar sem ég hendi um 3-5 pokum af blönduðu sorpi á tveggja vikna fresti, fyrir þetta þarf ég samt að borga fullt gjald og í ofanálág skrefagjald þó sorphirðan veiði pokana upp úr tunnunni hjá mér í 90% tilvika. Ég afþakkaði 240L bláu plast/pappa tunnuna þegar þetta nýja fyrirkomulag komst á en núna í Maí var aftur komið með tunnuna til mín sem ég sendi aftur til baka en í þetta skiptir hefur Reykjavíkurborg sent mér fasteignagjaldaseðil þar sem mér er tilkynnt um hækkun á fasteignagjöldunum hjá mér frá júní vegna bláu tunnunnar, sem ég er ekki með og vil ekki þar sem ég flokka og fer með í grendar og endurvinnslugámana í götunni hjá mér. Og talandi um þá gáma þá borga ég líka fyrir þá gáma sem er 21.700 kr. Þegar ég kvartaði við Borgina og Sorphirðuna var mér send reglugerð sem Borgin styðst við varðandi flokkun úrgangs frá heimilum, en ég flokka einmitt við heimili mitt og fer með í grendargáminn sem ég greiði svo líka fyrir í fasteignagjöldunum. Borgin þóttist ætla að endurskoða þessi mál með haustinu 2023 þegar einhver reynsla væri komin á málin, sem auðvitað hefur aldrei verið gert svo ég fer fram á að bæði verði mér útveguð spartunna sem er skipt í tvennt svo ég geti nú flokkað rétt og síðan séu felld niður gjöld fyrir bláu palst/pappa tunnuna sem er mér óþörf þar sem ég greiði þegar fyrir flokkunargámana í götunni og vil nota þá. Ég fer fram á að fasteignagjöldin hjá mér verði lækkuð og samsvari því að hafa spartunnu og enga bláu tunnu fyrir plast, því ég mótmæli því algjörlega að greiða tvöfalt fyrir það litla sorp sem ég hendi.

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Já

Ég hef nýlega sent þetta erindi til umboðsmanns Alþingis. Ég sendi erindi um óánægju mína til umboðsmanns borgaranna fyrir tveimur árum síðan ásamt Sorphirðu borgarinnar og Sorpu.

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Fasteignagjöld
Númer skjals:	1
Fylgiskjal	No1 reykjav-alagningar-21-01-2025.pdf

9. Fylgiskjalalisti²

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Fasteignagjöld
Númer skjals:	2
Fylgiskjal	No2 reykjav-tilkynning-14-07-2025.pdf



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. ágúst 2025
USK25070368

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í málinu nr. 120/2025, kæra Inga Sigprúður Ketilsdóttir, [REDACTED], dags. 28. júlí 2025.
Kærð er álagning hluta fasteignagjalds ársins 2025 fyrir Vesturberg 42 vegna sorpíláta.

Málavextir

Með bréfi dags. 21. janúar 2025 var kæranda tilkynnt um álagningu fasteignagjalda fyrir fasteignina að [REDACTED], Reykjavík. Innihélt fasteignagjaldið m.a. álögð gjöld vegna tvískipts 240L sorpíláts fyrir blandað sorp og matarleifar með skrefagjaldi að fjárhæð kr. 59.500 auk gjalds fyrir rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva að fjárhæð kr. 21.700.

Með bréfi dags. 14. júlí 2025 var kæranda tilkynnt um breytingu á fasteignagjöldum ársins 2025. Fól breytingin í sér að gjaldið hækkaði um kr. 5.153 vegna 240L sorpíláts fyrir pappírsúrgang og plast.

Með tölvupósti dags. 29. júlí sl. framsendi úrskurðarnefndin ofangreinda kæru og óskaði eftir að nefndinni yrðu látn í té gögn er málið varðaði. Var Reykjavíkurborg jafnframt gefinn kostur á að tjá sig um efni kærunnar. Í greinargerð þessari er viðhorfum Reykjavíkurborgar til kærunnar lýst.

Málsástæður og kröfugerð

Varðandi málsástæður kæranda vísast til kæru, en kærandi telur að lækka beri fasteignagjöld hans sem samsvari því að hafa spartunnu fyrir blandað sorp og matarleifar í stað 240L tunnu annars vegar og enga bláa tunnu fyrir plast og pappír hins vegar. Kærandi hafi afþakkað bláa tunnu enda fari hann sjálfur með annað en blandað sorp á nærliggjandi grenndarstöð sem hann greiði einnig fyrir. Þá hafi hann ekki þörf fyrir 240L tunnu fyrir blandað sorp og óski því eftir spartunnu í staðinn.

Reykjavíkurborg krefst þess að kröfu kæranda um lækkun fasteignagjalda vegna 240L tunnu fyrir blandað sorp og matarleifar verði vísað frá þar sem kærufrestur álagningarinnar er liðinn. Til vara krefst Reykjavíkurborg þess að kröfu kæranda verði hafnað. Þá krefst Reykjavíkurborg þess að kröfu kæranda um lækkun fasteignagjalda vegna tunnu fyrir plast og pappír verði hafnað.

Afstaða Reykjavíkurborgar

Líkt og sjá má af framlögðum álagningarseðli fasteignagjalda 2025 fyrir fasteignina að Vesturbergi 42, var kæranda tilkynnt um álagninguna þann 21. janúar 2025. Er því ljóst að krafa um lækkun fasteignagjalda sem samsvari því að hafa spartunnu í stað fyrrnefndrar 240L tunnu er of seint fram komin. Ber því að vísa þeim kærulið frá, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011. Verði ekki fallist á þá kröfu Reykjavíkurborgar er farið fram á að kröfu kæranda sé hafnað á



Reykjavík



grundvelli eftirfarandi röksemda sem jafnframt eru settar fram vegna kröfu kæranda um niðurfellingu hluta fasteignagjalds vegna pappírs og plast tunnu.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er sveitarstjórn skylt að ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi. Ber hún ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang. Þá skal sveitarstjórn koma upp sérstakri söfnun á heimilisúrgangi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna, þar sem það er nauðsynlegt til að uppfylla ákvæði laganna varðandi endurnýtingu úrgangs og koma í veg fyrir að úrgangur blandist öðrum úrgangi eða öðrum efniviði með aðra eiginleika. Sérstök söfnun skal vera a.m.k. á pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Heimajarðgerð er þó heimil sem og söfnun lífúrgangs með öðrum úrgangi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs setur sveitarstjórn sérstaka samþykkt þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þar er heimilt að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sorphílata og sambærileg atriði. Í gildi er samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg nr. 1316/2024. Yfirlýst markmið samþykktarinnar eru að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, að stuðla að því að sveitarfélagið nái settum markmiðum fyrir endurvinnslu og urðun úrgangs frá heimilum og rekstraraðilum og að tryggja vinnuvernd starfsfólks og góða þjónustu við íbúa, sbr. 1. gr. Samkvæmt 3. gr. samþykktanna sér Reykjavíkurborg um söfnun á heimilisúrgangi í Reykjavík og er sérhverjum húsráðanda íbúðarhúsnæðis skylt að nota þær aðferðir og þau ílát sem sveitarfélagið ákveður. Þá segir í 1. mgr. 4. gr. samþykktarinnar að ílát fyrir að lágmarki fjóra flokka úrgangs skuli vera við hvert íbúðarhús, þ.e. blandaðan úrgang, lífúrgang, pappír/pappa og plast.

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs skulu sveitarfélög innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Jafnframt er sveitarfélagi heimilt að ákveða fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorphílata og/eða þjónustustig. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi og skal birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 3. og 4. mgr. 23. gr. laganna. Í 15. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg nr. 1316/2024 segir enn fremur að gjald fyrir meðhöndlun heimilisúrgangs skuli miðast við fjölda og stærð íláta og tegund úrgangs. Einnig sé heimilt að miða gjaldið við vegalengd sem draga þurfi ílát við losun. Sé þessu breytt breytist gjaldið miðað við hluta úr ári reiknað í vikum. Sveitarfélagið annist skráningu íláta og skiptingu gjalds á eigendur. Þá sé gjald fyrir rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva lagt á allar fasteignir að undanskildu atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu.

Hið umprætta gjald í málinu er í samræmi við gjaldskrá fyrir höndlun úrgangs í Reykjavíkurborg nr. 1383/2024, sem tók gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 3. desember 2024. Ekki er samkvæmt gjaldskránni heimilt að fella niður gjaldið þó kærandi fari sjálfur með sorp á grenndarstöð.



Reykjavík



Að því er varðar röksemdir kæranda þess efnis að spartunna sé fullnægjandi ílát fyrir það sorp sem til fellur á heimili hans þá ber að vekja athygli á því að ekki er hægt að fá tvískipta spartunnu heldur eru þær eingöngu fyrir blandaðan heimilisúrgang. Þar sem að kæranda ber, líkt og öðrum borgarbúum að hafa ílát fyrir að lágmarki fjóra flokka úrgangs við fasteign sína, sbr. ofangreinda umfjöllun, þyrfti hann að hafa sérstakt ílát fyrir matarleifar ásamt spartunnunni. Árgjaldið fyrir 140L tunnu fyrir matarílát ásamt skrefagjaldi er kr. 28.100. Sé það lagt saman við árgjaldið fyrir 120L spartunnu að fjárhæð kr. 56.700 má sjá að slíkt breyting myndi leiða til talsverðrar hækkunar álagðra fasteignagjalda fyrir kæranda. Sé það engu að síður ósk hans mun Reykjavíkurborg verða við þeirri beiðni og munu fasteignargjöld hans þá breytast til samræmis við það. Hafa ber í huga að árgjöld fyrir sorpílát falla ekki niður kjósi fasteignareigendur að afþakka ílát.

Í fjölmörgum úrskurðum Úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála (hér eftir ÚUA) segir að ofangreind fyrirmæli 1. og 2. mgr. 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs taki mið af því að meðhöndlun sorps er grunnþjónusta í sveitarfélagi. „*Hún þarf að vera í föstum skorðum og er þess eðlis að hún má ekki falla niður þótt einhverjir íbúar nýti sér hana ekki og að sama skapi er íbúum ekki í sjálfvald sett hvort þeir nýti sér þjónustuna eða ekki.*“¹

Þá eru til mörg fordæmi þess að ÚUA hefur staðfest greiðsluskyldu vegna reksturs grenndar- og móttökustöðva óháð því hvort að aðili nýtir sé þjónustu eða hún sé staðsett í talsverðri fjarlægð frá viðkomandi². Sjá m.a. úr niðurstöðu úrskurðar nr. 66/2024:

Þjónustan er þess eðlis að hún má ekki falla niður þótt einhverjir íbúar nýti sér hana ekki, enda er sveitarfélagi beinlínis skylt að innheimta gjald fyrir meðhöndlun úrgangs, sbr. áður tilvitnað ákvæði 23. gr. laganna. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum tekur umdeilt gjald mið af áætluðum kostnaði sveitarfélagsins við veitta þjónustu vegna sorphirðu og tæmingu rotþróa.

Ekki leikur vafi á að umrædd þjónusta hafi verið veitt á tilteknum tíma og að umrædd gjaldtaka eigi sér stöð í fyrrgreindum lögum, reglugerð og samþykkt sveitarfélagsins.

Með sama hætti hefur ÚUA staðfest skyldu til að greiða sorphirðugjöld þrátt fyrir að kærandi hafi neitað að taka við sorptunnum og kjósi að flokka allt sorp sjálfur og losa í grenndargáma eða í söfnunarstöðvar, enda stendur sú þjónusta honum til boða eins og öðrum íbúum sveitarfélagsins.³

Enn fremur hefur umboðsmaður Alþingis túlkað heimild sveitarfélaga til að mæla fyrir um fyrirkomulag á söfnun og eyðingu úrgangs skv. lögum um meðhöndlun úrgangs sem svo

¹ Sjá m.a. úrskurð úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála nr. 44/2024.

² Sjá m.a. úrskurð úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála nr. 67/2024.

³ Sjá úrskurði úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála nr. 18/2024 og 10/2024.



að ljóst sé að Alþingi hafi ætlað sveitarfélögum ákveðið svigrúm um það hvernig þau höguðu þeirri þjónustu sem þau veittu í tengslum við meðhöndlun úrgangs samkvæmt lögnum og þá jafnframt þeirri gjaldtöku vegna kostnaðar sem félli til við þá þjónustu.⁴

Niðurstaða

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingu ákvörðunar um álagningu fasteignargjalda og ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu sína að úrskurðarnefndin vísi frá eða hafni kröfum kæranda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Magnea Lillý Friðgeirsdóttir
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið*

⁴ Sjá álit umboðsmanns Alþingis nr. 5184/2007.





Árið 2025, mánudaginn 22. desember, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Unnþór Jónsson settur varaformaður, Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

Fyrir var tekið mál nr. 120/2025, kæra á ákvörðunum Reykjavíkurborgar frá 21. janúar og 14. júlí 2025 um álagningu gjalda fyrir úrgang vegna fasteignar kæranda að Vesturbergi 42.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, er barst nefndinni 28. júlí 2025, kærir Inga Sigprúður Ketilsdóttir, Vesturbergi 42, Reykjavík, ákvörðun Reykjavíkurborgar frá 14. júlí 2025 um innheimtu gjalds að upphæð 5.153 kr. vegna pappírsúrgangs og plasts í 240 l sorpíláti. Þá ber málskot kæranda með sér að einnig sé kærð að hluta ákvörðun Reykjavíkurborgar frá 21. janúar 2025 um álagningu gjalds vegna blandaðs sorps og matarleifa í 240 l sorpíláti. Fer kærandi fram á að vera fengin tvískipt „spartunna“, eða 120 l sorpílát, fyrir blandað sorp og matarleifar og að gjöld verði lækkuð til samræmis við það. Verður að skilja málskot kæranda svo að krafist sé ógildingar hinna kærðu ákvarðana, annaðhvort að öllu leyti eða hluta.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 28. ágúst 2025.

Málavextir: Kærandi er eigandi raðhúss að Vesturbergi 42 í Reykjavík. Álagningarseðill fasteignagjalda fyrir árið 2025 er frá 21. janúar s.á. Samhliða fasteignagjöldum og lóðarleigu var með álagningarseðlinum m.a. einnig innheimt gjald vegna blandaðs sorps og matarleifa, í 240 l sorpíláti með skrefagjaldi, að upphæð 59.500 kr. Innheimtu framangreindra gjalda var dreift á 11 gjalddaga, til greiðslu mánaðarlega frá 1. febrúar 2025. Kæranda barst tilkynning 14. júlí s.á. um breytingu á fasteignagjöldum ársins. Kom þar fram að breyting á gjöldum gildi frá 25. júní s.á. og fæli í sér gjald vegna pappírsúrgangs og plasts í 240 l íláti að upphæð 5.153 kr.

Málsrök kæranda: Kærandi vísar til þess að hann búi einn og hendi um 3–5 pokum af blönduðu sorpi á tveimur vikum. Áður en nýjar flokkunartunnur hafi verið teknar í gagnið, fyrir um tveimur árum, hafi hann verið með 120 l spartunnu, en sé nú með 240 l tunnu og greiði því helmingi hærra gjald en áður, ásamt skrefagjaldi. Í 90% tilvika veiði starfsfólk sorphirðunnar þessa fáu poka upp úr tunnunni og þurfi því ekki að ganga með tunnuna. Kærandi hafi afþakkað tunnu fyrir pappa og plast þar sem hann fari sjálfur með þá úrgangsflokka í grenndargáma. Þrátt fyrir það hafi í maí síðastliðnum verið komið með tunnu fyrir pappa og plast sem kærandi hafi sent til baka. Kæranda hafi þó verið tilkynnt um hækkun á gjöldum vegna tunnu sem hann sé ekki með og kæri sig ekki um. Augljóst sé að 240 l tunna sé of stór og fari kærandi fram á að fá spartunnu sem sé skipt í tvennt svo unnt sé að flokka réttilega og að felld verði niður gjöld vegna óþarfa tunnu fyrir pappa og plast, en kærandi greiði þegar fyrir grenndargáma og vilji heldur nota þá.

Málsrök Reykjavíkurborgar: Af hálfu borgaryfirvalda er vísað til þess að kæranda hafi verið tilkynnt um álagningu fasteignagjalda 21. janúar 2025 og sé kæra vegna þeirrar ákvörðunar of seint fram komin. Hvað varði breytingu á álagningu frá 14. júlí s.á. sé bent á að kæranda beri líkt og öðrum borgarbúum að hafa sörpílát fyrir að lágmarki fjóra flokka úrgangs við fasteign sína og falli gjöld ekki niður kjósi fasteignareigendur að afþakka þau.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 setji sveitarstjórn sérstaka samþykkt þar sem tilgreind séu atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greini í lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þar sé heimilt að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sörpílata og sambærileg atriði. Samkvæmt 3. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg nr. 1316/2024 sjái borgin um söfnun á heimilisúrgangi í Reykjavík og sé sérhverjum húsráðanda íbúðarhúsnæðis skylt að nota þær aðferðir og þau ílát sem sveitarfélagið ákveði. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. skuli ílát fyrir að lágmarki fjóra flokka úrgangs vera við hvert íbúðarhús, þ.e. blandaðan úrgang, lífúrgang, pappír/pappa og plast. Í 15. gr. komi enn fremur fram að gjald fyrir meðhöndlun heimilisúrgangs skuli miðast við fjölda og stærð íláta og tegund úrgangs. Einnig sé heimilt að miða gjaldið við vegalengd sem draga þurfi ílát við losun. Hin umþrættu gjöld séu í samræmi við gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg nr. 1383/2024. Ekki sé samkvæmt henni heimilt að fella niður gjaldið þó kærandi fari sjálfur með sorp á grenndarstöð. Þá sé ekki sé unnt að fá tvískipta spartunnu eins og kærandi fari fram á.

Vísað sé til úrskurða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málum nr. 10/2024 og 18/2024 þar sem staðfest hafi verið skylda til að greiða sorphirðugjöld þrátt fyrir að neita að taka við sörpílátum. Þá sé vísað til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5184/2007 um heimild sveitarfélaga til að mæla fyrir um fyrirkomulag á söfnun og eyðingu úrgangs samkvæmt lögum nr. 55/2003. Hafi umboðsmaður álitid ljóst að Alþingi hafi ætlað sveitarfélögum ákveðið svigrúm um það hvernig þau höguðu þeirri þjónustu sem þau veittu í tengslum við meðhöndlun úrgangs samkvæmt lögnum og þá jafnframt gjaldtöku vegna kostnaðar sem félli til við þá þjónustu.

Viðbótarathugasemdir kæranda: Að auki bendir kærandi á að unnt væri að fækka sorphirðudögum hjá honum um helming og taka skrefagjaldið af þar sem tunnan sé aldrei dregin. Þá skuli gjald aldrei vera hærra en sem nemi þeim kostnaði sem til falli í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Niðurstaða: Í máli þessu er deilt um álagningu gjalda samkvæmt gjaldskrá nr. 1383/2024 fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg. Kæruheimild til úrskurðarnefndarinnar er í 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Kærðar eru ákvarðanir um álagningu gjalds vegna pappírsúrgangs og plasts annars vegar og að hluta ákvörðun um álagningu gjalds vegna blandaðs sorps og matarleifa hins vegar. Fer kærandi fram á minni tunnu vegna síðarnefndu úrgangsflokkanna og að álagningin verði lægri sem því nemi. Voru álagningarseðlar birtir í stafrænu pósthólfi kæranda á þjónustugáttinni Ísland.is.

Markmið laga nr. 105/2021 um stafrænt pósthólf í miðlægi þjónustugátt er að meginboðleið stjórnvalda við einstaklinga og lögaðila verði stafræn og miðlæg á einum stað. Í 1. mgr. 4. gr.

laganna kemur fram að í stafrænu pósthólfi skuli birta hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, sem verða til við meðferð máls hjá stjórnvöldum, svo sem tilkynningar, ákvarðanir, úrskurði, ákvaðir og aðrar yfirlýsingar. Þegar gögn eru aðgengileg í téðu pósthólfi teljast þau birt viðtakanda, sbr. 7. gr. laganna. Kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um þá ákvörðun sem kæra lýtur að, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra í máli þessu barst 28. júlí 2025 og því ljóst að kærufrestur vegna ákvörðunar um álagningu gjalds vegna blandaðs sorps og matarleifa frá 21. janúar s.á. var þá liðinn.

Í 28. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er fjallað um áhrif þess að kæra berist að liðnum kærufresti. Ber þá samkvæmt 1. mgr. lagagreinarinnar að vísa henni frá nema afsakanlegt verði talið að kæran hafi ekki borist fyrr eða veigamiklar ástæður mæli með því að kæran verði tekin til efnismeðferðar. Í 2. tl. 2. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga kemur fram að þegar ákvörðun er tilkynnt skriflega skuli m.a. veita leiðbeiningar um kæruehimild, kærufresti og kæruleið. Á álagningar-seðlinum er ekki að finna slíkar leiðbeiningar, en vísað er á tiltekna slóð á vefsíðu Reykjavíkurborgar til nánari upplýsinga án þess að tekið sé fram að þær upplýsingar taki jafnframt til kæruleiðbeininga. Þegar vefsíðan er opnuð má þar finna upplýsingar um fasteignagjöld og álagningu þeirra ásamt ýmsum hlekkjum. Á þeirri síðu er ekki að finna kæruleiðbeiningar, en einn þeirra hlekkja sem finna má á síðunni ber heitið „bakhlið álagningarseðils fasteigna 2025“. Þar er ekki heldur tiltekið að þær upplýsingar taki til kæruleiðbeininga. Þegar sá hlekkur er opnaður kemur fram vefsíða þar sem m.a. er veitt leiðbeining um kæruehimild til úrskurðarnefndarinnar. Að mati nefndarinnar fullnægir þetta fyrirkomulag ekki framangreindum áskilnaði stjórnsýslulaga. Með hliðsjón af því svo og þar sem um er að ræða ágreining um innheimtu gjalda sem varðar ekki aðra en kæranda og sveitarfélagið verður talið afsakanlegt að kæran hafi borist að loknum kærufresti. Verður enda ekki annað ráðið en að kærandi hafi komið að kærui í málinu innan ástæðulauss dráttar frá því að honum varð kunnugt um um kæruehimild og kærufrest til úrskurðarnefndarinnar í kjölfar leiðbeiningar þar um 23. júlí 2025. Verða báðar hinar kærðu ákvarðanir því teknar til nánari athugunar.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 er sveitarstjórn skylt að ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Ber sveitarstjórn ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá til þess að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem til fellur í sveitarfélaginu. Þá er með 2. mgr. 23. laganna kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Í 1. mgr. 10. gr. sömu laga er kveðið á um að koma skuli upp sérstakri söfnun á heimilisúrgangi. Sérstök söfnun skuli vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: Pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Skuli sérstök söfnun á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Söfnunin skuli fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila. Einstaklingum og lögaðilum er skylt að flokka heimilisúrgang í samræmi við þessi fyrirmæli, sbr. 3. mgr. lagagreinarinnar. Þessu til viðbótar segir í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs að sveitarstjórn sé ábyrg fyrir reglulegri tæmingu sorpílata og flutningi heimilisúrgangs frá öllum heimilum og lögaðilum. Auk þess að fasteignareigandi skuli sjá til þess að fasteign hans fylgi nægilega mörg sorpílat og að þau séu endurnýjuð eftir þörfum, sbr. 1. mgr. 15. gr. hennar. Getur heilbrigðisnefnd gefið fyrirmæli um fjölda, staðsetningu, gerð og þríf sorpílata, sbr. 4. mgr. sömu greinar.

Taka framangreind fyrirmæli mið af því að meðhöndlun sorps er grunnþjónusta í sveitarfélagi. Hún þarf að vera í föstum skorðum og er þess eðlis að hún má ekki falla niður þótt einhverjir nýti sér hana ekki.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 setur sveitarstjórn samþykkt þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs, umfram það sem greinir í lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í 6. gr. reglugerðar nr. 803/2023 kemur fram að í slíkri samþykkt skuli sveitarstjórn útfæra fyrirkomulag sérstakrar söfnunar, sbr. ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs. Heimilt sé að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu að öðru leyti, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, heimildir sveitarfélaga til að hafna því að taka á móti úrgangi og hirða ílát, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sorpíláta og sambærileg atriði, sbr. einnig 3. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003.

Við álagningu þess gjalds sem um er deilt í máli þessu var í gildi samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg nr. 1316/2024 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 25. nóvember 2024. Samkvæmt 3. gr. hennar sér Reykjavíkurborg um söfnun á heimilisúrgangi frá íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Fer umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar með umsjón með mál-efnum er varða meðhöndlun úrgangs í umboði sveitarstjórnar og með daglega yfirstjórn meðhöndlunar úrgangs samkvæmt samþykktinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. hennar. Sérhverjum húsráðanda er skylt að flokka úrgang við húsnæðið og að nota ílát, merkingar og aðferðir við flokkun og hirðu sem sveitarfélagið ákveður, sbr. 2. mgr. 3. gr., og skal að lágmarki flokka heimilisúrgang í sjö flokka, þ. á m. eru pappír/pappi og plast. Í 4. gr. samþykktarinnar er mælt fyrir um það að lágmarki skuli vera ílát fyrir fjóra flokka úrgangs við hvert íbúðarhús, þ. á m. pappír/pappa og plast og að Reykjavíkurborg útvegi ílátin, sem skulu vera 140 l eða 240 l ílát með einu hólfi eða tvískipt 240 l, 360 l eða 660 l ílát. Að uppfylltum skilyrðum ákvæðisins er húseigendum heimilt að óska eftir breytingum á stærð og fjölda íláta, sem sé þó háð samþykki borgarinnar, sbr. 4. mgr. 4. gr. Kveðið er á um í 3. mgr. 9. gr. að sorpílát skulu standa sem næst aðkomu að lóð, þegar losun fari fram eða ekki lengra en 15 m frá lóðarmörkum þar sem því verði við komið. Af ílátum við íbúðarhús sem draga þurfi lengra en 15 m að hirðubíl til losunar er heimilt að innheimta viðbótarlosunargjald samkvæmt gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Í 15. gr. segir síðan að gjald fyrir meðhöndlun heimilisúrgangs miðist við fjölda og stærð íláta og tegund úrgangs. Einnig að heimilt sé að miða gjaldið við vegalengd sem draga þurfi ílát við losun. Sé þessu breytt, breytist gjaldið miðað við hluta úr ári reiknað í vikum. Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs skuli ákvarða og innheimta samkvæmt gjaldskrá sem sett sé samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003 og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjaldskrá nr. 1383/2024 fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg var birt í B-deild Stjórnartíðinda 3. desember 2024. Í gjaldskránni er mælt fyrir um gjöld fyrir meðhöndlun úrgangsflokkanna blandaður heimilisúrgangur, pappírsefni, plastefni og matarleifar. Er þar mælt fyrir um gjöld fyrir mismunandi stærðir íláta, þ. á m. er gjald fyrir tvískipta 240 l tunnu fyrir pappírsefni og plast og tvískipta 240 l tunnu fyrir blandaðan heimilisúrgang og matarleifar. Er gjaldið hærri ef sækja þarf ílát meira en 15 m frá hirðubíl.

Að meginstefnu til er fjár vegna lögbundinna verkefna ríkis og sveitarfélaga aflað með skattheimtu. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga hafa þau þó einnig ýmsar aðrar tekjur, allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um, sbr. og 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar. Þegar um svokölluð þjónustugjöld er að ræða gilda ýmis sjónarmið um álagningu þeirra, m.a. að beint samhengi skuli vera milli fjárhæðar gjaldsins og þess kostnaðar sem til falli við það að veita þjónustuna. Fjárhæðin verður einnig að byggja á traust-

um útreikningi, en þó hefur verið litið svo á að sé ekki hægt að sérgreina nákvæmlega ákveðna kostnaðarliði sé heimilt að byggja þá á skynsamlegri áætlun. Sá sem greiðir þjónustugjöld getur hins vegar almennt ekki krafist þess að sá kostnaður sem hlýst af því að veita þjónustuna sé reiknaður nákvæmlega út og er heimilt að haga gjaldtöku svo að um sé að ræða jafnaðargjald.

Samkvæmt 2. mgr. 23. laga um meðhöndlun úrgangs skulu sveitarfélög innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Skyld er að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, svo sem með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Þó er heimilt að færa innheimtu gjalda á milli úrgangsflokka í því skyni að stuðla að markmiðum laganna auk þess að heimilt er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu til þess að innheimta allt að 25% af heildarkostnaði sveitarfélagsins. Gjaldið skuli þó aldrei vera hærra en sem nemi þeim kostnaði sem falli til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar.

Að öllu framangreindu virtu má ljóst vera að sveitarfélaginu er skylt að innheimta gjald vegna sorpíláts fyrir pappír og plast og að söfnun úrgangsins skuli fara fram innan lóðar íbúðarhúss. Hinn 1. janúar 2023 tóku gildi breytingarlög nr. 103/2021, sem breyttu lögum nr. 55/2003 í þá veru sem að framan hefur verið lýst, þ.e. um skyldu til að vera með sorpílát fyrir m.a. pappír og plast innan lóðar. Samkvæmt upplýsingum frá kæranda var ílátið fjarlæggt af lóð hans samkvæmt beiðni hans þar um. Að mati úrskurðarnefndarinnar getur sú framkvæmd borgaryfirvalda að fjarlægja sorpílát að beiðni kæranda ekki haft áhrif á greiðsluskyldu hans. Verður því ekki gerð athugasemd við það að kærandi sé krafinn um gjald vegna sorpíláts fyrir pappír og plast sem gert er ráð fyrir á lóð íbúðarhúss hans.

Kærandi gerir í máli þessu kröfu um að hann fái tvískipta 120 l tunnu fyrir blandaðan heimilisúrgang og matarleifar. Þá hefur kærandi komið með þá tillögu, að til þess að draga úr kostnaði hans sé unnt að fækka sorphirðudögum við fasteign hans og sleppa því að draga ílát. Hvorki verður ráðið af samþykkt nr. 1316/2024 né áðurgreindri gjaldskrá nr. 1383/2024 að val sé um minna tvískipt ílát fyrir úrgang en 240 l. Er Reykjavíkurborg því ekki unnt að verða við þeirri kröfu sem kærandi hefur uppi. Með lögum nr. 55/2003 hefur sveitarfélögum verið fengið ákveðið svigrúm um það hvernig þau haga þeirri þjónustu sem þau veita í tengslum við meðhöndlun úrgangs samkvæmt lögnum og þá jafnframt þeirri gjaldtöku vegna kostnaðar sem fellur til við þá þjónustu. Í þessu máli háttar svo til að hirðutíðni og stærðir íláta eru ákveðnar með samþykkt nr. 1316/2024, en hún er ekki kæránleg til nefndarinnar. Þrátt fyrir að fallast megí á með kæranda að þar sem hann búi einn kunni að vera ósanngjarnt að honum sé gert að vera með sömu stærð íláta og stærri heimili, og þannig greiða hlutfallslega hærra gjald, fellur það utan valdsviðs nefndarinnar að taka ákvörðun um tilhögun þjónustu við sorphirðu.

Stendur þá eftir að taka afstöðu til þess hvort hin umdeildu gjöld samræmist lögum að öðru leyti, þ. á m. hið umdeilda skrefagjald, þ.e. viðbótarlosunargjald samkvæmt áðurgreindri samþykkt nr. 1316/2024.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg er við áætlun sorphirðugjalda miðað við að gjöld sem borgin innheimti séu ekki hærri en sem nemi þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003. Innheimta gjalda vegna meðhöndlunar úrgangs hafi yfirleitt „verið aðeins í mínus“, en árið 2024 hafi greiðslur úrvinnslusjóðs hækkað nokkuð sem ekki hafi verið fyrir séð við gerð áætlunar fyrir árið. Þá hefðu greiðslur sjóðsins fyrir árið 2023 borist seint og því að hluta bókast á árið 2024. Af yfirliti yfir tekjur og gjöld fyrir árin 2014–2024 má sjá að raunin er að tekjur vegna hirðu

við heimili eru lægri en kostnaður af hirðunni öll árin nema 2024 og að á því ári muni hlutfallslega mestu um greiðslur frá úrvinnslusjóði. Verður samkvæmt þessu ekki annað ráðið en að gjaldtakan uppfylli skilyrði 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003.

Af hálfu borgaryfirvalda hefur verið upplýst um að nýtt sé heimild 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 til að færa innheimtu gjalda á milli úrgangsflokka í því skyni að stuðla að markmiðum laganna. Gjald sé fært af úrgangsflokkunum pappír, plast og matarleifum yfir á blandað sorp. Sé það hagrænn hvati til flokkunar svo ná megir markmiðum um flokkun til endurvinnslu. Hið sama eigi við um þessa úrgangsflokka í tvískiptum tunnum, þ.e. að beitt sé hagrænum hvötum til að auka flokkun til endurvinnslu. Má þetta jafnframt ráða af áætlun fyrir árið 2025. Þannig kemur þar fram tilfærsla frá m.a. tvískiptum pappírs- og plaststunnum yfir á blandað sorp. Þá kemur fram í áætluninni að lagt sé álag á tvískipt ílát fyrir pappa og plast. Af hálfu borgarinnar hefur það verið skýrt með því að almennt taki mun lengri tíma að losa þau. Í þessum úrgangsflokkum séu eðlislétt efni sem sitji gjarnan föst í tvískiptum tunnum vegna þess hve hólfin í þeim eru smá. Þurfi því að marghrista þær við losun til ná úrganginum úr þeim. Verður ekki gerð athugasemd við þær skýringar að baki álagningunni.

Samkvæmt gjaldskrá Reykjavíkurborgar er gjald vegna sorpílata sem sækja þarf meira en 15 m frá hirðubíl herra á ári en ella. Fyrir tvískiptar tunnur kæranda í máli þessu er árgjaldið 59.500 kr. vegna tunnu fyrir blandaðan heimilisúrgang og matarleifar, en væri 49.500 kr. án skrefagjalds. Vegna íláts fyrir pappír og plast er það 13.100 kr., en væri 9.900 kr. án skrefagjaldsins. Líkt og fram hefur komið er samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 heimilt að miða gjaldið við aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað viðkomandi aðila. Verður fallist á að kostnaður við sorphirðu aukist þegar draga þarf ílát um lengri veg, þótt nánari greining þess kostnaðar liggi ekki fyrir úrskurðarnefndinni. Hefur kærandi í máli þessu haldið því fram að ekki þurfi að draga ílát hans þar sem um svo lítið magn úrgangs sé að ræða. Þrátt fyrir að ekki verði dregið í efa að sú sé raunin verður ekki framhjá því litið að gert er ráð fyrir að sorpílát séu dregin að sorphirðubílum, enda þeir sérstaklega gerðir til þess að tæma þau. Af hálfu Reykjavíkurborgar hefur verið greint frá því að mæling hafi farið fram á vettvangi áður en gjaldtaka þessa viðbótarlosunargjalds hafi hafist og hafi hún byggst á stystu mögulegu leið frá sorpíláti að sorphirðubíl. Fyrir nefndina hafa til staðfestingar þessu verið lögð skjáskot af borgarvefsjá sem sýna leiðir til að draga tunnu í sorphirðubíl frá sorpgerði á lóð kæranda og eru þær allar yfir 15 m. Verður að þessu virtu ekki gerð athugasemd við að innheimt sé svokallað skrefagjald af kæranda, enda verður upphæð þess ekki talin úr hófi.

Samkvæmt áætlun sorphirðu Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025 er svonefndu tunnugjaldi ætlað að standa undir ýmsum útgjöldum og verður ekki annað séð en að þau gjöld séu liðir í raunkostnaði við þá þjónustu, þ. á m. laun og launatengd gjöld. Áætlunin greinir tekjur af hverri tunnugerð en ekki verður séð að með sama hætti sé aðgreindur kostnaður sem falli til vegna hverrar tunnugerðar og veldur það nokkrum vandkvæðum við að ganga úr skugga um hvort gjöld séu sem næst áætluðum kostnaði hvað hverja gerð varðar. Um þetta verður þó hér látið ráða að ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en að svo sé og verður því talið að innheimta hinna umdeildu gjalda byggi á skynsamlegri áætlun.

Að öllu framangreindu virtu verður kröfu kæranda um ógildingu hinna kærðu ákvarðana hafnað.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um að ógilda ákvarðanir Reykjavíkurborgar frá 21. janúar og 14. júlí 2025 um álagningu gjalda fyrir úrgang vegna fasteignar kæranda að Vesturbergi 42.

Unnþór Jónsson (sign)

Karólína Finnbjörnsdóttir (sign)

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)